

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2626
komudagur 24.5.2012

Efni: Umsögn Útivistar, við mál nr. 733. Frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar.

Stjórn Útivistar tekur undir athugasemdir Samtaka útivistarfélaga, SAMÚT, við frumvarp til laga um ökutækjatrýggingar. Í athugasemdum SAMÚT er með rökstuddum hætti tekið á þeim atriðum frumvarpsins sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir ferðafólk sem notar einkabíla til ferðalaga.

Rétt er að leggja sérstaka áherslu á athugasemdir SAMÚT við 8. gr. frumvarpsins um slysatryggingu ökumanns og eiganda og takmarkanir á henni. Ferðalög þar sem ekið er á snjó og frosinni jörð eru vinsæl meðal almennings og Útivist stendur árlega fyrir fjölda ferða sem byggja á þessum ferðamáta. Ekki verður séð á hvaða forsendum þessi ferðalög eigi að njóta annars konar tryggingaverndar en þegar ferðast er á almennum vegum. Tilgangur ferðanna er sá sami, þ.e. að njóta þess að ferðast um landið. Af athugasemdum við frumvarpið má ráða að tilgangur þessarar breytingatillögu sé að undanskilja notkun ökutækja sem ekki eru ætluð sem samgöngutæki heldur sérstaklega gerð fyrir leik og keppni. Hér er væntanlega átt við akstursípróttir, en vel ætti að vera hægt að undanskilja trygginguna akstri í akstursípróttum án þess að fjöldi almennra ferðamanna sé samhliða sviptur tryggingavernd.

Virðingarfyllst,
Reykjavík 23. maí 2012
